

73. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd 5. september 2005, kl. 18:15 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, Guðmundur Kristinsson, Þorgrímur Kristinsson, Helgi B. Haraldsson, Dagný Þórisdóttir, Erla Friðriksdóttir, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmsson sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

Dagskrá.

1. Lagðar fram teikningar af verslunarhúsnæði við Aðalgötu 24 samkvæmt umsókn Skipavíkur og teikningum frá Kjartani Bjarnasyni tæknifræðingi dags. 23.06.05 samtals 619 m², 2.505 m³
Teikningar lagðar fram og kynntar.
2. Lagðar fram teikningar og umsókn frá Kristni Bjarnasyni um að byggja bílskúr staðsettan einum metra frá lóðarmörkum við götu, samkvæmt teikningum frá verkfræðistofu EK . Samtals...
Erindi frestað.
3. Lagðar fram teikningar á byggingu bílskúrs við Bókhöðustíg nr. 10, þar sem bílskúr er lækkaður um 50 cm í landi samkvæmt bókunum nefndarinnar frá 10. ágúst, 05. Teikn. frá Hjöleifi Stefánssyni arkitekt.
Samtals 25.9 m², 90.0 m³.
Teikningar samþykktar. Gjöld samtals kr....
4. Þórir Thorlacius óskar eftir breytingu á mænisstefnu bílskúrs sem mun rísa við Hjallatanga 24, bréf dags. 15.08.05.
Tekið er jákvætt í erindið ef meginstefna mænis bygginga á lóð er í samræmi við deiliskipulag, sbr afgreiðslu nefndarinnar 9. febrúar s.l.
5. Berglín ehf. /Baldur Bergmann óskar eftir að fá úthlutað lóðum / svæði undir 10 – 20 sumarhús í landi Stykkishólmsbæjar samkvæmt bréfi dags. 8.08.05. Erindinu var vísað af bæjarráði til nánari skoðunar.
Erindi lagt fram.
6. Deiliskipulagstillaga ásamt skilmálum af athafnasvæði A2 eftir Bæring B. Jónsson.
Tillagan lögð fram til umræðu og tekin til afgreiðslu á næsta fundi.
7. Umferðarhraði merkingar.
Samþykkt að leita eftir samstarfi við Vegagerðina um uppsetningu á hraðamerkingu í Aðalgötu, vestan við Búðanesveg.
8. Tillöguteikningar af gámasvæði vestan við Snoppu lagðar fram.
Teikningar samþykktar.
9. Stæði fyrir stóra bíla. Bæjarstóri leggur fram tillögur.

Nefndin leggur til að útbúið verði staði fyrir stóra bíla og vinnuvélar við Hamraenda 4.

10. Deiliskipulag af Hjallatanga, aukaíbúðir í einbýlishúsum.
Ekki er gert ráð fyrir aukaíbúðum í einbýlishúsum við Hjallatanga.
11. Ingi B. Ingason sækir um að byggja við Lágholt nr. 2 að norðaustanverðu, samkvæmt teikningum frá Svani Bjarnasyni, dags. ágúst '05. Samtals 54 m², 135 m³.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr....
12. Fyrirspurn frá Smára Axelssyni um stækkun á íbúðarhúsnaði Sundabakka 9, samanber tillöguteikningu.
Tekið er jákvætt í erindið.
13. Önnur mál.
13.a. *Guðmundur Kristinsson spurðist fyrir um uppsetningu götuljósa við Hjallatanga.*

Fleira var ekki rætt.
Fundu slitið kl. 20:00.

Þorbergur Bæringsson (sign.)
Erla Friðriksdóttir (sign.)
Dagný Þórisdóttir (sign.)
Guðmundur Kristinsson (sign.)
Þorgrímur Kristinsson (sign.)
Gretar D. Pálsson (sign.)
Helgi B. Haraldsson
Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (sign.)